

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 66/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Eymundi Gunnarssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun. Verjandi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi samkvæmt ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 28. nóvember 1988 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og til ökuleyfisviptingar. Við hinn munnlega málf lutning fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákærvalds með vísan til dóma Hæstaréttar í málunum nr. 120/1989, 240/1989 og 300/1989, uppkveðinna 9., 12. og 17. janúar 1990, að „öll málsmeðferð fyrir sakadómi Keflavíkur á ákæru, útgefinni 8. mars 1988, verði úr gildi felld og vísað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar í héraði“.

Verjandi ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

I.

Sakarefni varðandi meintan ölvunarakstur ákærða 24. ágúst 1987 var rannsakað af lögreglunni í Reykjavík. Með bréfi 14. september 1987 sendi lögreglustjórinn í Reykjavík málið bæjarfógetanum í Keflavík til meðferðar.

Sakarefni varðandi meintan ölvunarakstur ákærða 28. ágúst 1987 var rannsakað af lögreglunni í Hafnarfirði. Bæjarfógetinn í Hafnarfirði sendi málið með bréfi 9. september 1987 til bæjarfógetans í Keflavík til meðferðar.

Hinn 29. september 1987 tók Símon Ólason, fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík, ákvörðun um að svipta ákærða „ökuleyfi til bráðabirgða, þar sem ætla verður með vísun til lögregluskýrslu nr.

.../..., að hann hafi við akstur bifreiðarinnar Ö-8797 þ. ... gerst sekur um brot gegnt 1. eða 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968....“

Hinn 1. október 1987 voru bæði ofangreind lögreglumál tekin fyrir hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík. Var skýrsla þá tekin af ákærða.

Með bréfi 6. október 1987 sendi Símon Ólason, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, bæði framangreind mál til ríkissaksóknara til fyrirsagnar.

Sakarefni varðandi meint skjalafals var rannsakað af rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík. Að rannsókn lokinni sendi Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, málið ríkissaksóknara til fyrirsagnar.

II.

Þórdís Bjarnadóttir fulltrúi, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík, en bæjarfógetinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Ekkert liggur fyrir um afskipti fulltrúans af einstökum þáttum málsins, áður en málið kom til dómsmeðferðar. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar 1990 í málinu nr. 120/1989 verður engu að síður talið, svo sem málavöxtum er hér háttað, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferðina. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og vísa málinu heim í hérað til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju.

III.

Héraðsdómarinn skipaði hinn 15. mars 1988 Símon Ólason héraðsdómslögmann til þess að vera verjandi ákærða í málinu. Héraðsdómslögmaður þessi hafði áður sem fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík svipt ákærða ökuleyfi til bráðabirgða og haft önnur afskipti af máli hans, svo sem rakið er í I. kafla hér að framan. Var skipun héraðsdómslögmannsins sem verjanda því andstæð 85. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

IV.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin

málsvarnarlaun eins og í dómsorði greinir. Fjárhæðin, sem þar er tilgreind, er án söluskatts og virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 10. ágúst 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 10. ágúst, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Þórdísi Bjarnadóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 88.0297: Ákærvaldið gegn Eymundi Gunnarssyni.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 15. mars sl. og dómtekið 27. júní sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dómnum með tveimur ákærum á hendur Eymundi Gunnarssyni, Túngötu 13 B, Keflavík.

Með ákæru, dagsettri 16. október 1987, „fyrir að aka, aðfaranótt mánudagsins 24. ágúst 1987, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-8797 aftur á bak úr bifreiðastæði við Hótel Borg í Reykjavík, þar sem lögreglan kom í veg fyrir frekari akstur ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Ennfremur fyrir að aka, aðfaranótt föstudagsins 28. ágúst 1987, undir áhrifum áfengis, sömu bifreið áleiðis til Keflavíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Reykjanesbraut, skammt norðan við Hvassahraun.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákæru, dagsettri 8. mars 1988, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, með því að falsa nöfn

Sigrúnar Sigurðardóttur, Narfakoti 2, Njarðvík, og Sigurðar Jónssonar, Melabraut 3, Seltjarnarnesi, sem sjálfskuldarábyrgðarmanna á tvö skulda-
bréf, annað að fjárhæð kr. 200.000 og hitt að fjárhæð kr. 450.000, bæði
úttefín af ákærða 1. október 1987, og nota bréfin í bílakaupum, er ákærði
keypti bifreiðina Ö-10638 af gerðinni B.M.W. 728 i, árgerð 1980, af
Þórarni St. Sigurðssyni, Djúpavogi 1, Höfnum, þann 5. október 1987, á
kr. 650.000. Skuldabréfin bæði áttu að greiðast á 18 mánuðum með jöfnum
mánaðarlegum afborgunum og fyrsta gjalddaga 1. nóvember 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaða-
bóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

Dómsuppkvaðning hefur dregist vegna embættisanna dómans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Eymundur Gunnarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun
skipaðs verjanda síns, Símonar Ólasonar hdl., kr. 25.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
